

Ársskýrsla 2000.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Stofnsetning Vesturlandsskóga	2
Stjórn Vesturlandsskóga	3
Samningar við bændur	3
Helstu framkvæmdir	3
Gróðursetning	3
Skjólbeltarækt	4
Áburðargjöf	5
Kortlagning og áætlanagerð	5
Fyrirlestrar og námskeið	5
Fundir og ráðstefnur	5
Stjórnarfundir	5

Viðauki I:

Ársreikningur Vesturlandsskóga árið 2000.

Viðauki II:

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2000.

Inngangur

Sumarið 2000 viðraði nokkuð vel til skógræktar. Vorið var að vísu bæði kalt og þurrt. Fyrri hluti maímánaðar var þó hagstæður, rakt og venju fremur hlýtt í veðri. Um miðjan maí kólnaði hins vegar til muna, og hélst veður kalt og þurrt fram yfir miðjan júnímánuð. Ekki var hægt að hefja gróðursetningu fyrr en í lok maí. Frá miðjum júní má segja, að verið hafi einmunatíð langt fram í október. Hefur t.d. sjaldan borðið jafnlítið á haustkali í alaskaösp eins og þetta árið.

Árið 2000 var fyrsta starfsár Vesturlandsskóga. Var nokkrum sinnum kallað á blaðamenn til að kynna stofnun þeirra. Var haft á orði, að verkefnið hafi verið stofnað a.m.k. fjórum sinnum. Segja má, að hápunktur gangsetningarinnar hafi verið, þegar landbúnaðarráðherra gróðusetti birkihríslu í Vígðísarlund á Hvanneyri, að viðstöddu fjölmenni. Þetta var í júnímánuði.

Félag skógarbænda á Vesturlandi (FsV) sá um aðalfund Landssamtaka Skógareigenda (LSE) í ágúst 2000. Naut félagið aðstoðar Vesturlandsskóga við undirbúning fundarins. Einnig hafa Vesturlandsskógar stutt starfsemi félagsins með því að kosta útgáfu fréttabréfs þess. Komu fjögur tölublöð af fréttabréfinu út árið 2000. Félag skógarbænda á Vesturlandi mun vera eitt hið öflugasta sinnar tegundar í landinu. Hefur styrkur þess án efa stuðlað að því, að Vesturlandsskógar komust jafn fljótt á laggirnar og raun ber vitni.

Starfsmaður verkefnisins, auk Sigvalda, var Björg Gunnarsdóttir frá 19. júní. Hún var þó í frí um tveggja mánaða skeið um haustið. Ásdís Geirdal hefur séð um að ganga frá fylgiskjölum bókhalds til skráningar, en Ríkisbókhald færð bókhaldið.

Stofnsetning Vesturlandsskóga

Landbúnaðarráðherra stofnaði til Vesturlandsskóga á grundvelli laga nr. 56 frá 1999. Segja má, að til verkefnisins hafi verið formlega stofnað 25. janúar árið 2000, með því að ráðherra skipaði því stjórn. Áður hafði ráðherra í lok apríl 1999 skipað þriggja manna starfshóp til að annast undirbúning verkefnisins. Í honum áttu sæti: Jón Loftsson, skógræktarstjóri; Niels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu og Sigvaldi Ásgeirsson, formaður Félags skógarbænda á Vesturlandi. Auk þeirra vann Friðrik Aspelund, ráðunautur Skógræktar ríkisins á Vesturlandi, með hópnum. Má segja, að Friðrik hafi verið starfsmaður hópsins. Hópurinn skilaði skýrslu í október 1999. Framkvæmdastjóri var svo ráðinn frá og með 15. apríl, Sigvaldi Ásgeirsson. Skrifstofuhúsnæði var ekki tilbúið fyrr en í síðari hluta maímánaðar. Hefur verkefnið haft skrifstofuaðstöðu að Hvanneyri síðan.

Fjárveiting var kr. 17 milljónir fyrir árið 2000, sem var í samræmi við áætlun fyrrgreinds starfshóps.

Framkvæmdir báru þess nokkur merki, að verkefnið fékk ekki fólk til starfa, fyrr en komið var fram á vor. Varð því fljótaskrift á ýmsu, er varðar undirbúning framkvæmda.

Stjórn verkefnisins var strax við skipun hennar falið að annast útboð á framleiðslu plantna fyrir árið 2001. Hún fól ráðunauti Skógræktar ríkisins og formanni FsV að áætla plöntuþörfina, en Ríkiskaup sáu um útboðið. Í sama útboði voru einnig boðnar út plöntur fyrir Skjólaskóga á Vestfjörðum og Landgræðsluskóga. Nokkur tilboð bárust. Hið lægsta var frá Hólmsfríði Geirsdóttur. Þar sem Hólmsfríður hefur að baki langa og farsæla reynslu af plöntuframleiðslu hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, var ákveðið að taka tilboði hennar. Hólmsfríður hefur aðsetur í Biskupstungunum.

Stjórn Vesturlandsskóga

Stjórn Vesturlandsskóga hélt 7 fundi á árinu 2000. Formaður hennar er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Jón Loftsson, skógræktarstjóri, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagunum á Vesturlandi. Hulda kom inn í stjórnina sem varamaður Sigvalda Ásgeirssonar, sem sagði sig úr stjórninni, er hann var ráðinn framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga.

Samningar við bændur

Ekki var gengið frá neinum samningum á árinu, en unnið að þróun samningsformsins. Ýmis ljón, hafa staðið í vegi þess, að hægt væri að einhenda sér að samningsgerð. Réttaróvissa ríkir um, hvort skylt sé að afla framkvæmdaleyfis vegna skógræktar. Unnið er að því að fá úrskurð í því máli. Þjóðminjavörður vill túlka þjóðminjalög þannig, að skylt sé að fá leyfi hans, áður en skógrækt er hafin á einstökum jörðum. Hvorttveggja, öflun framkvæmdaleyfis og könnun á fornminjum á jörðum, áður en skógrækt getur hafist, eru kostnaðarsamar aðgerðir og varla á færi nema stöku bænda að standa undir slíku. Með gerð sérstaks svæðisskipulags fyrir Vesturlandsskóga, ásamt þeirri áætlanagerð, sem unnin er fyrir hverja jörð, er vonast til, að fullnægt verði þörfum fyrir skipuleg vinnubrögð og varðveislu þjóðminja og sjalfgæfra náttúruverðmæta. Aukin fræðsla til bænda og starfsmanna skógræktarverkefnanna hlýtur einnig að verða liður í að bæta umgengni við landið og tryggja, að ræktun nýja skóga spilli því ekki.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning

Á árinu 2000 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði á vegum Vesturlandsskóga liðlega 125.000 plöntur, sem skiptust þannig milli jarða og tegunda:

Tafla 1

Gróðursettar plöntur í samstarfi við Vesturlandsskóga árið 2000.

Jörð:	Frá Sæðisi		Frá Jóhanni Viðari:							Samtals		
	SG	SB	SG3/0	SG2/0	SF	RL	Sitkaelri	Ilmbj.	Reynir		AÖ	
Auðsstaðir	6000	3000			3700			320				13020
Breiðabólstaður						440	240	536				1216
Brekkukot			1000	1480	3000	70						5550
Deildartunga			2000	5400	3000							10400
Eyri								536				536
Fitjar	1600											1600
Fljótstunga	520	1520			1120		280			875		4315
Gróf				3000	2000	2500	245					7745
Hurðarbak	3000		1600	1170	3520	3000	340	755	70	1225		14680
Hamar				480		160	70	160		105		975
Klafastaðir	10000	5000						9049				24049
Krókur	1000	1500										2500
Oddstaðir		2000			1824	1000	175	1005				6004
Oddsstaðir		2000			2000			670				4670
Setberg	1000	1000						1005				3005
Steindórsstaðir				240	2200	1000	200					3640
Stóri-Ás		2500										2500
Svarfhóll					2948			536				3484
Vilmundarstaðir	2040	4200		5560	300	40	680	719	70	1525		15134
	25160	22720	1600	13450	26492	14140	2620	14971	140	3730		125023

Skjólbeltarækt

Tafla 2 Skjólbeltaplöntur gróðursettar á vegum Vesturlandsskóga vorið 2000.

Jörð:	Plastlagt (m)	Stíkl.	Bakkaplöntur:					Samtals:
			Al.viðir	AÖ	SG	Ilmbj.		
Ásgarður	850		490	175	120	35	820	
Bjarneyjarsandur	1000		525	210			735	
Ferstikla	3000	1500	805				805	
Hvanneyri	270		130	70			200	
Kalastaðakot	1500		1125				1125	
Leirá	800		525	175			700	
Steindórsstaðir	1000	1000	200	100			300	
Stóra-Vatnshorn	150			125			125	
Vígholtsstaðir	250		250	140			390	
Ás	300	300					0	
Skálpastaðir	280		280				280	
Skorholt	760						0	
Teigur	250	400					0	
Ytri-Hólmur	370	370					0	
Auðsstaðir	600	600		125			125	
Samtals:	11380	4170	4330	1120	120	35	5605	

Samtals voru því settar í skjólbelti tæplega 10.000 plöntur og stiklingar. Eins og fram kemur í töflu 2 var á einni jarðanna, Skorholti, plastlagt að haustinu, en gróðursetning bíður vorsins 2001.

Áburðargjöf

Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Ekki fékkst Gróska II, þótt hún hefði verið pöntuð strax í upphafi árs frá Áburðarverksmiðjunni. Í staðinn var notað Blákorn, og mælt með að dreifa 10g kringum hverja plöntu - þó ekki þar sem handfleckjað væri í grasgefnu landi.

Kortlagning og áætlanagerð

Björg Gunnarsdóttir hóf strax í lok júní vinnu við gerð skjólbeltaáætlana, og var það aðalstarf hennar uppfrá því. Ekki var neinum skjólbeltaáætlunum lokið á árinu, enda fór Björg í tveggja mánaða námsfrí um haustið. Skógrækt ríkisins tók að sér gerð áætlana vegna ræktunar samfelldra skóga. Ólafur Erling Ólafsson, ráðunautur Skógræktar ríkisins á Vesturlandi og Vestfjörðum, sá um útivinnu við gerð þessara áætlana, en hnitunin fór fram á Egilsstöðum. Síðan tekur Ólafur við kortunum og gerir ræktunaráætlun. Ekki var lokið við neina slíka áætlun á árinu. Vonast er til, að hægt verði að ljúka á næsta ári allt að 30 ræktunaráætlunum, en nær 40 skjólbeltaáætlunum.

Fyrirlestrar og námskeið

Ólafur Erling Ólafsson, var ráðinn ráðunautur Skógræktar ríkisins á Vesturlandi og Vestfjörðum í maí árið 2000. Hann hefur staðið fyrir nokkrum námskeiðum í samvinnu við Vesturlands-skóga. Haldið var skjólbeltanámskeið í samvinnu við Bændaskólann á Hvanneyri um vorið, en síðsumars var haldið jarðvinnslunámskeið og þá skoðaðar ýmsar aðferðir við jarðvinnslu austur í Haukadal í Biskupstungum.

Fundir og ráðstefnur

Dagana 28. til 30. júní sóttu Björg Gunnarsdóttir og Sigvaldi Ásgeirsson fræðslustefnu á Akureyri í tilefni af opnun kalrannsóknastöðvar á Möðruvöllum í Hörgárdal. Var mjög vandað til dagskrár og margir fyrirlesarar frá Mógilsá. Var þetta hin gagnlegasta ráðstefna og þyrfti að verða árlegur viðburður. Starfsmenn fóru einnig á samráðsfund skógræktarverkefnanna. Var hann haldinn í Dýrafirði 9.-11. júlí og þótti takast vel. Þann 25. október sat Björg Gunnarsdóttir samráðsfund stjórnar LSE og landshlutaverkefnanna f.h. Vesturlands-skóga, en Sigvaldi var þá erlendis í sumarfríi.

Stjórnarfundir

Á árinu voru haldnir allmargir stjórnarfundir, eða 7 alls. Fundargerðir þessara funda eru í Viðauka II.